



Markmið eru mikilvæg



Davíð Þór Viðarsson knattspyrnumaður hjá meistaraliði FH hefur hampað Íslandsmeistaratitli oftast en margir aðrir. En hver er lykillinn að velgengni liðsins?

„Við setjum okkur markmið í byrjun tímabilsins og ræðum möguleika okkar í hvert skipti og hvað við stefnum á. Við höfum síðan árið 2004 verið í baráttu um Íslandsmeistaratitlinn, en markmiðið er alltaf að vinna titlinn. Þetta er í sjálfu sér orðið það innprentað í hópinn að það þarf lítið að ræða hlutina, en að sjálfsgöðu förum við yfir stöðuna og setjum okkur markmið, þau skipta miklu máli. Okkur hefur reyndar ekki gengið vel í bikarkeppninni

þó svo við höfum sett okkur ákveðið markmið þar um að komast alla leið en stærsta markmiðið okkar er alltaf að vinna Íslandsmótið og það hefur tekist oft á síðastliðnum árum“.

Aðstaðan skiptir öllu máli

Skiptir innra starf íþróttafélagsins miklu máli? „Já það skiptir svo sannarlega máli. Það er í dag mikill þéttleiki í hópnum og hefur verið töluverð breyting undanfarin ár ef ég tala út frá knattspyrnudeildinni. Fram að árinu 2000 var þetta svona upp og niður og lítill stöðugleiki, en hann skiptir okkur →



Miklar áskoranir fram undan

Við höfum tækifæri til að koma Íslandi í allra fremstu röð, þannig að lífskjörin verði eins og best gerist meðal þjóða. Hvort það tekst, ræðst af þeirri stefnu sem verður rekin hér á næstu árum. **Sjá nánar á bls. 4**



Þitt er valið

Það sem skiptir öllu máli er framtíðin. Að henni þarf að hlúa hvort sem um er að ræða barnafjölskyldur, einstaklinga eða aldraðir. Stöðugleiki er lykillinn að framtíðinni og með því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn leggur þú grunn að góðri framtíð. **Sjá nánar á bls. 7**

Við viljum vinna fyrir þig



miklu máli". Segir Davíð Þór. „Þegar Logi Ólafsson þjálfari kom inn árið 2000 þá breyttist allt töluvert mikið og má kannski segja að betur hafi verið staðið að öllu upp frá því. Aðstaðan í dag í Kaplakrika er frábær og vonandi verður hún enn betri á næstu árum með tilkomu stórrar knattspyrnuhallar. Allt þetta hjálpast að, sum félög á Reykjavíkursvæðinu eru að æfa á mörgum stöðum. Allar æfingar hjá okkur eru á sama stað, búningasklefarir eru alltaf þeir sömu, þetta skiptir gríðarlega miklu máli“.



Þannig að stöðugleikinn er ekki aðeins mikilvægur í Ríkisrekstri ? „Nei hann er líka mikilvægur til að ná settum markmiðum í íþróttum og ef þú villt ná framförum. Fyrir mér er það þannig að árangur snýst mikið um stöðugleika og einnig að það sé mikill vilji til að gera betur. Við höfum verið nokkuð góðir í því á undanförnum árum“.

Gott starf innan yngri flokkana skiptir öllu máli.

Telur þú að aðkoma leikmanna meistara-flokks í starfi yngri flokka skipti máli ? „Það er mjög mikilvægt að styðja vel við yngri flokkana. Árgangar hafa verið missterkir en 1984 árgangurinn, sem ég tilheyri, var mjög sterkur. Ásamt mér hafa Atli Guðnason, Sverrir Garðarsson og síðast en ekki síst Emil Hallfreðsson náð langt. Félagið þarf að stefna að því að styðja vel við yngri flokkana, það er kannski óraunhæft að gera kröfur á það að úr hverjum árgangi komi um 4-5 sterkir strákar, en það á þó alveg að vera hægt að ná í þó nokkuð marga öfluga stráka bæði upp í meistaraflokkinn hjá FH eða önnur sterk lið á Íslandi. Það er allavega það sem FH stefnir að og mér líst vel á það að styrkja yngra starfið enn frekar“. „Aðstaðan fyrir æfingar yngri flokkanna er mjög góð, þó svo það vanti alltaf meira pláss. Hér getum við æft í hvaða veðri sem er, sem er frábært, og það

segir sig sjálft að því fleiri æfingar sem þú getur mætt á því meiri framförum tekur þú“

Hef búið í allri Skandinavíu nema Finnlandi

Hvenær byrjaði Davíð að sparka í bolta ? „Ég byrjaði 4-5 ára að æfa og hef ekki hætt síðan þá og er búin að vera í meistaraflokkum síðan árið 2000 þannig að þetta er frekar langur ferill. Ég hef búið og spilað í öllum löndum Skandinavíu nema í Finnlandi. Þegar ég og konan mín, Sigríður Erla Viðarsdóttir, fluttum heim frá Danmörku árið 2013 keyptum við okkur hús á Álftanesinu. En þar áður spilaði ég í Noregi og Svíþjóð. Ég er alinn upp í norðurbænum, byrjaði í Engidalsskóla síðan Viðistaðaskóla og þaðan í Versló. Svo ég hef ágætissamanburð á því að búa í öðrum löndum“ segir Davíð Þór. **Er öðruvísi að búa þar en hér ?** „Nei, kannski ekki svo mikill munur, það er mjög gott að búa á hinum Norðurlöndunum, en svo er alltaf best að koma heim. Það er bara svo ótrúlega gott að ala upp börn hér á Íslandi, en við erum með tvö börn, fimm ára og eins og hálfs árs. Hér er til dæmis leikskólabjónustan mun betri en í Danmörku, mikið hagstæðara og miklu betur haldið utan um hlutina að mínu mati, en jú það er fínt að búa í útlöndum en það er alltaf lang best að búa hér heima“ segir Davíð Þór að lokum.



Eldri borgarar

Við tryggðum eldri borgurum mestu kjarabætur í áratugi með einföldun kerfisins og hækkun ellilífeyris. Við ætlum að efla heimaþjónustu og tryggja nægjanlegt framboð hjúkrunarrýma.



Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf.
S: 5654929, kjgj@simnet.is

Lönnmark ehf.



Vélsmiðja
ORMS & VÍGLUNDAR ehf.

TEMPRA
einangrun - umbúðir

KLIF
1966 - 2016
Allt til nafnbúnaðs í 50 ár
Grandgarði 13 • Reykjavík • Sími 552-3300 • www.klif.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

INNCO
ehf



HAMAR

Útgefandi: Sjálfstæðisfélag Hafnarfjarðar - **Blaðstjórn:** Kristín Thoroddsen, ritstjóri, Örn Tryggvi Johnsen, Kristinn Andersen.
Ábyrgðarmaður: Jónas Guðmundsson - **Prentvinnsla:** Prentun.is

„Þurfum verulega að taka okkur á í umhverfismálum“

- segir Unnur Lára Bryde

„Umhverfismálum er alls ekki nógu vel sinnt hérlandis og ég vil sjá miklu stærra skref stigið í þeim málum,“ segir Unnur Lára Bryde, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði sem skipar 14. sæti framboðslistans í Suðvesturkjördæmi.

„Við erum alltaf að hreykja okkur af hreinu vatni og óspilltri náttúru en við erum umhverfissóðar og þurfum verulega að taka okkur á í þessum efnum. Almennt er fólk ekki að flokka nógu vel úrgang og rusl og við eigum að vernda náttúruna fyrir fólki, fyrir ágangi en það er alltaf verið að tala um að vernda náttúruna fyrir stóriðju og virkjanaframkvæmdum. Auðvitað hafa virkjanir á hálendinu stuðlað að því að við eigum betri aðgang að stöðum á hálendinu vegna vega sem hafa verið lagðir að þeim. Það á ekki að fylla landið af stóriðju og við verðum jafnframt að sjá til þess að ríkissjóður hafi tekjur af þessum virkjunum. Kannski er umhverfissvæn stóriðja ekki til en við getum takmarkað þá mengun verulega sem þeim fylgir óumflýjanlega.“

- Er svo komið að vegna mikillar aukningar á ferðamönnum til landsins að það þarf að vernda helstu náttúruperlur landsins fyrir ferðamönnum?

Já, og þar nefni ég t.d. alla hellana sem við eigum. Fólk tekur með sér minjagripi úr hellunum, dropasteina og annað grjót og það er vel hægt að sjá að ef hundrað þúsund ferðamenn taka með sér steina er skaðinn varanlegur, staðurinn einfaldlega bara ónýtur. Það þarf að takmarka aðganginn áður en það fer enn ver



Unnur Lára Bryde, bæjarfulltrúi og frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins.

enn nú þegar á sér stað. Við eigum ekki endalaust fallega náttúru ef ekkert er aðhafst henni til varnar.“

Mikið hagsmunamál að tvöfalda Reykjanesbraut gegnum Hafnarfjörð

- *Alþingi samþykkti nýlega samgönguáætlun til ársins 2018. Óháð því hefur verið rætt um heilsársvegi yfir Kjöl og Sprengisand, kannski víðar og það þýðir upphækkaður vegur með bundnu slitlagi. Hvernig list þér á þær hugmyndir?*

„Ég vil alls ekki sjá heilsársveg yfir Sprengisand. En hvað varðar samgöngumál er það mikið hagsmunamál fyrir mig sem bæjarfulltrúa í Hafnarfirði að Reykjanesbrautin verði tvöfölduð gegnum Hafnarfjörð. Við fáum tvöföldun á veginum við Vallarhverfið en það er alls ekki nóg. Vegurinn er einbreiður frá Straumsvík að gatnamótunum við Setbergshverfið sem er gríðarlegur flöskuháls og á þessari leið verða oft slysin. Þetta er ekki bara stórt hagsmunamál fyrir Hafnfirðinga heldur fyrir landsmenn alla því allir sem koma til landsins gegnum Keflavíkurflugvöll koma þessa leið, hafa ekki aðra möguleika.“

Suðvesturkjördæmi hefur ekki fengið það fjármagn til vegaframkvæmda sem það ætti að fá miðað við íbúafjölda og þá umferð sem um það fer auk þess sem hér eru mörg stór og mikilvæg fyrirtæki sem skapa mikla atvinnu, t.d. í sjávarútvegi í Hafnarfirði, iðnað í Kópavogi, nýsköpun í Mosfellsbæ og fjölskrúðugt mannlíf og starfsemi á Sel-tjarnarnesi.

Ég er hins vegar algjörlega mótfallin því að sameina sveitarfélög í Suðvesturkjördæmi og sem Hafnfirðingur vil ég vernda þann bæjarbrag sem við Hafnfirðingar eigum en ég er hrædd um að hann mundi hverfa við sameiningu við nágrannasveitarfélög. Það eru vissulega hagsmunir sveitarfélagsins að eiga sem best samstarf við nágrannasveitarfélögin en þau eru að mörgu leiti mjög ólík. Þannig næst betri árangur í rekstri þeirra,“ segir Unnur Lára Bryde.

Heilbrigðisþjónusta óháð efnahag

Við ætlum að halda áfram að byggja upp öflugt heilbrigðiskerfi þar sem allir hafa jafnan aðgang að þjónustinni óháð efnahag eða búsetu.

Sjónlínan
Strandgötu 39

Hvalur
Reykjavíkurvegi 48
S. 555-0565

HAGTAK

Pökkun & flutningar ehf
ProPack

MYNDFORM

FURA
MÁLMEÐURVINNSLA

algælif

MV
Málara-
verktakar ehf.
Sveinberg Gíslason
Lögildur málarameistar
Sími 896 6199 • malaraverktakar@simnet.is

BEJARBAKARI

FK
FJARÐARKAUP

AS
FASTEIGNASALA

AGES
- ANNO 2011 -

Fjarðargrjót ehf.

KERFÓÐRUÐ

KFC

Einbeitum okkur að bættum lífskjörum



„Við höfum tækifæri til að koma Íslandi í allra fremstu röð, þannig að lífskjörin verði eins og best gerist meðal þjóða. Hvort það tekst, ræðst af þeirri stefnu sem verður rekin hér á næstu árum,“ segir Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins.

„Okkur hefur tekist á myndarlegan hátt að takast á við afleiðingar af falli bankanna. Við höfum farið okkar eigin leið gegn stífum andmælum annarra þjóða, ég nefni deilur við Breta og Hollendinga, og aðvörunarorð um að ef við tækjum ekki á okkar herðar skuldbindingar einkaaðila gæti það leitt til dvínandi lánstrausts fyrir landið í heild. En af sjálfs-trausti höfum við farið okkar eigin leið og hún er orðin að fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir.

Okkur hefur tekist að rísa sterkari en áður

upp úr erfiðleikum og kosningarnar fram undan snúast um hvernig við ætlum að spila úr þeirri stöðu. Verðbólgan er í sögulegum

Okkur hefur tekist að rísa sterkari en áður upp úr erfiðleikum og kosningarnar fram undan snúast um hvernig við ætlum að spila úr þeirri stöðu.

lægðum, lánshæfismat ríkisins tekur stökk upp á við, Seðlabankinn hefur lækkað vexti, atvinnustig er hátt og spád er áframhaldandi

hagvexti. Það eru allar forsendur til þess að byggja undir enn frekari stöðugleika og bætt lífskjör. En hættan er sú að samstaðan rofni um forgangsriðun og við förum fram úr okkur að nýju, til dæmis með óraunhæfum ríkisútgjöldum, óraunhæfum hugmyndum um hvað hægt er að leggja á atvinnuvegina og með því að fresta því að taka á undirliggjandi veikleikum, svo sem í lífeyrismálum.“

Miklar áskoranir fram undan

Miklar breytingar hafa orðið í opinberum fjármálum í tíð Bjarna Benediktssonar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Skuldahlutfall ríkisins hefur lækkað mikið og ekki einungis er afgangur á fjárlögum á þessu kjörtímabili meiri en allur halli kjörtímabilsins á undan, heldur hefur verið komið á strangri fjármála-reglu sem mun auka mikið aga í ríkisfjármálum og vinna gegn skuldsetningu. Margt hefur því áunnist, en nóg er af áskorunum.

„Við höfum verið að taka til í skuldastöðu landsins, loka fjárlagagatinu og endurheimta lánstraust. Losun hafta hefur gengið framar vonum. Ef við sækjum styrk í þennan árangur, þá sækjum við fram á traustum grunni,“ segir Bjarni.

„Nú er næsta verkefni að líta inn á við. Þar eru mörg brýn úrlausnarefni. Það þarf að taka betur á í heilbrigðismálum. Við höfum fjármagnað nýjan spítala en því til viðbótar þurfum við að endurskoða greiðsluþátttöku þeirra sem leita sér lækniþjónustu. Í samgöngumálum bíða tröllvaxin verkefni og á menntasviðinu þarf að tryggja samkeppnishæfni landsins. Við ætlum að einbeita okkur að bættum lífskjörum landsmanna, en það er hægt að glutra niður tækifærinu með því að einhenda öllum okkar kröftum í mál sem hafa enga þýðingu fyrir bætt lífskjör hér á landi. Það hefur enga þýðingu að rífa stjórnarskrána og skrifa hana frá grunni – hvað þá sækja um aðild að ESB eins og menn hafa boðað.“

– En það á enn eftir að ljúka afnámi hafta.

„Já, við erum enn með 10% af landsframleiðslu bak við höft í aflandskrónum,“ seg-

■ Lægri skatta

Við ætlum að lækka skatta enn frekar. Um leið og skattkerfið er einfaldað á að lækka tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, tryggingagjald og erfðafjárskatt.



ir Bjarni. „Þó að við séum að stíga stór skref núna, þá er enn verk að vinna við að ljúka afnámi hafta. Og það mun ekki takast nema við höldum því trausti sem hefur byggst upp á allra síðustu árum. Það er forsenda þess að hægt sé að stíga síðustu skrefin í afnámi hafta – að áætlunin og framkvæmdin njóti trausts.“

Breytum á ábyrgan hátt

„Ég held við höfum aldrei séð jafnmikla breytingu á áferð stjórnmálastarfs og síðustu 10 árin. Framboðum hefur fjölgað mjög mikið og fylgið er á stöðugri hreyfingu. Hugsunarháttur fólks breytist og pólitísk hegðun og um leið ýmis ytri merki. Nú er ekki lengur gerð krafa um að vera með bindi á Alþingi og þótt mörgum þyki það ekki stórt skref, er það samt sem áður viðurkenning á því að ýmsar áherslur eru að breytast.“

Bákníð burt var eitt sinn slagorð Sjálfstæðisflokksins. Við erum ekki kerfisflokkur og höfum alltaf verið opin fyrir breytingum, sem gerðar eru með ábyrgum hætti. En það er engin ástæða til að kollvarpa því sem vel gengur. Ég legg mikið upp úr því að laga stjórnarskrána, en ég tek ekki þátt í því, ef ætlunin er að splundra þessum hornsteini lýðræðisins. Ég hef þvert á móti verið talsmaður þess að stjórnarskráin sé byggð á lærdómi kynslóðanna og að lagt sé upp úr þverpólitískri sátt um breytingar á henni. Ég tel til dæmis tímabært að setja inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og kalla eftir samstöðu um það.

Ég hef líka talið sjálfsgott að laga kvótakerfið, en ég vil ekki kollvarpa því. Okkur hefur tekist að halda vel utan um nytjastofnana og á þeim grunni hefur orðið mikil uppbygging, hagræðing og tæknivæðing í sjávarútveginum – svo mikil að sumum þykir nóg um. Ég

vek athygli á að þessi árangur er ekki sjálfgefinn. Ekki þarf annað en að fara til meginlands Evrópu til að finna sjáv arúttveg sem ber sig ekki án ríkisstyrkja. Ég hef litið á það sem mitt hlutverk að vera ekki að steypa kerfum sem ganga vel – og þá er maður orðinn kerfiskall!“

Það er eðlilegt að í stjórnmálum sé tekist á um leiðir – annars væri lýðræðið ekki virkt.

Stjórnmálin eru leið til að láta gott af sér leiða

– Það hefur orðið mikil endurnýjun í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Hvað veldur?

„Í einhverjum tilvikum voru reyndir þingmenn að hætta eftir langa þingsetu,“ segir Bjarni. „Svo held ég það sé að breytast að fólk líti á þingmennsku sem ævistarf. Mér finnst gott ef þingmenn hafa starfað við annað en stjórnmál þegar þeir taka sæti á þingi og jafnframt ef þingmennskan er metin að verðleik um eftir að þeir hætta þingstörfum. Svo verður það að segjast, að það hafa verið mikil átök í þinginu og það er greinilega misjafnt hvernig það leggst í fólk. Það er eðlilegt að í stjórnmálum sé tekist á um leiðir – annars væri lýðræðið ekki virkt. En það er mikilvægt að ræða hugmyndir og málefni án þess að persónugera umræðuna of mikið.“

Þetta starf gerir kröfur til þeirra sem því sinna, enda verður ekkert til úr engu,“ segir Bjarni. „Ef þér er annað um hvernig þjóðfélagið þróast, þá þarftu að vera tilbúinn að leggja eitthvað af mörkum. En það er ekki þar með

sagt að maður trúir því að allt gott eigi rót sína í stjórnmálum – miklu fremur að stjórnmálin geti tryggt að þeir sem vilji láta til sín taka í samfélaginu nái árangri. Alþingi er í raun vettvangur sem gerir fólki kleift að elta drauma sína og fá viðspyrnu fyrir hugmyndir, áhugamál og hugsjónir, en afleiðingar þeirrar vinnu koma fram úti í samfélaginu, þar sem framþróunin verður. Það er það sem gefur þessu starfi gildi, þegar góð mál fá framgang og gera líf almennings betra.“

Hvað hefur áunnist á síðasta kjörtímabili

- **Kaupmáttur launa aldrei verið meiri**
- **Innkaupakarfan lækkað**
- **Kjör aldraðra batnað**
- **Skuldir heimilanna lækkað**
- **Endurreisn heilbrigðis kerfisins hafin**
- **Fjármögnun nýs Landspítala tryggð**
- **Tollar og vörugjöld felld niður**
- **Skattar lækkaðir**
- **Nýsköpun eflað**
- **Hagstæðara umhverfi fyrirtækja**
- **Dregið úr ríkisafskiptum og miðstýringu**
- **Atvinnuleysi litið**
- **Verðbólgan lág**
- **Endurbætur á vega-kerfinu hafnar**

Auðlindin í háskólasamfélaginu



Katrín Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Stefnis og frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins.

Löngu er orðið tímabært að íslenskir námsmenn fái nýtt og betra lánasjóðskerfi. Til lögur Sjálfstæðisflokksins sem birtust í nýlegu frumvarpi menntamálaráðherra voru stórt skref í þá átt.

Á kjörtímabilinu var nám til stúdentsprófs stýtt um eitt námsár og rökrétt að halda áfram með breytingar í námsumhverfi íslenskra

námsmanna í átt að þeirri norrænu fyrirmynd sem við viljum svo gjarnan miða okkur við.

Í núverandi lánasjóðakerfi eru gallar sem verður ekki við unað lengur.

Nauðsynlegt er að gera breytingar og sýna hagsmunum stúdenta áhuga. Samkvæmt frumvarpi Illuga Gunnarssonar, menntamálaráðherra, um heildarendurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra stúdenta munu námsmenn í fullu námi geta fengið 65 þúsund krónur á mánuði í beinan styrk í alls 45 mánuði, eða 5 skólaár.

Námsmenn geta ákveðið að nýta eingöngu styrkinn eða taka lán til viðbótar.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir svokölluðum samtímagreiðslum, en það er mikið framfaraskref fyrir námsmenn að geta fengið fyrirframgreiðslur námslána til þess að komast hjá því að taka yfirdráttarlán í bönkum.

Það er ekki er hægt að horfa fram hjá því að þetta frumvarp er risastórt skref í átt að því námsaðstoðarkerfi sem við viljum sjá á Íslandi í framtíðinni, en með því yrðu mörg þau atviki sem stúdentar hafa lengi barist fyrir, til að mynda fyrirframgreiðslur, beina námsstyrki og 100% framfærslu, að veruleika.

Það er því gríðarlega mikilvægt að ný ríkisstjórn haldi áfram þar sem frá var horfið og

taki upp mál stúdenta þegar Alþingi kemur saman á ný.

Það er mikilvægt að forgangsraða hagsmunamálum stúdenta því þeir eru framtíðin, háskólasamfélagið er okkar auðlind, með henni sköpum við farsælar atvinnugreinar og það skiptir okkur máli. Hagsmunir stúdenta skipta okkur máli.

Það sem gert hefur verið en enginn talar um



Bergur Þ. Benjamínsson, frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins.

Á síðustu þremur árum hefur mjög margt áunnist í málefnum fatlaðs fólks og hreyfihamlaðra. Í þessum greinarstúf langar mig að fara yfir örfá mál. Ríkið hefur hækkað bílastyrki til hreyfihamlaðra um 20% en þeir höfðu ekki verið hækkaðir 6 ár þar á undan. Þannig hefur fleirum gefist tækifæri til að eignast bíl, nokkuð sem öllum sem búa við hreyfihömlun er nauðsynlegt. Núna er búið að skrifa reglugerð sem gerir þeim kleift, sem ekki aka sjálfir og hafa beingreiðslu, NPA eða sambærilega samninga að fá styrk til að kaupa sér bíl. Þarna um að ræða sanngirnismál sem lengi hefur verið beðið eftir. Það er einnig búið að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Níu ár eru síðan Ísland skrifaði undir samninginn! Fullgilding samnings er eitt stærsta einstaka framfaraskref í réttindabaráttu fatlaðs fólks sem tekið hefur verið. Með samningnum er kominn leiðarvísir hvernig réttindum fatlaðs fólks verður komið á rétta leið.

Húsnæðismál ungs fólks



Ásgeir Einarsson, frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu íbúð. Sjálfstæðisflokkurinn mun festa séreignasparnaðarleiðina í sessi, einfalda byggingarreglugerð og auka fjölbreytileika íbúðamarkaðar og leigumarkaðar. Í tíð síðustu ríkisstjórnar hefur ríkt mesti efnahagslegi stöðugleiki í

landinu frá því að mælingar hófust. Verðbólga hefur verið í kringum 1% í langan tíma og laun hækkað á meðan sem hefur þýtt mestu kaupmáttaraukingu í manna minnum en spár segja til um að hún verði rúm 18% í lok árs.

Hvað þýðir þetta allt saman, auk skattalækkana og lægra vöruverðs út frá afnámi tolla og vörugjalda? Fólk hefur meira á milli handanna nú en áður. Það þýðir að fólk á tök á því að leggja meira fé fyrir, nýta sér séreignasparnaðinn sem er í raun 2% launahækkun í útborgun. Þannig getur fólk eignast sína fasteign fyrr en það hefur áður getað.

Sjálfstæðisflokkurinn vill einnig endurskoða byggingarreglugerðina sem hækkar byggingarkostnað of mikið, sem leiðir til herra fasteignaverðs. Það þurfa nefnilega ekki allir sér þvottahús, stóra geymslu og sér bílastæði.

Með þessum leiðunum verður fasteignamarkaðurinn stöðugri og fasteignaverð hækkar ekki í hæstu hæðir við minnsta tilefni. Sjálfstæðisflokkurinn styður valfrlsi og vill með fyrrnefndum leiðum að fólk geti valið um hvort það vill leigja eða kaupa.

Nýttum kosningarréttinn 29. október næstkomandi og kjósum Sjálfstæðisflokkinn áfram til góðra verka fyrir ungt fólk.

Getum gert enn betur

Á laugardag eru alþingiskosningar sem skipta alla landsmenn afar miklu máli. Hvert og eitt atkvæði er mikilvægt og nýta þarf kosningaréttinn vel. Hver og einn þarf að taka upplýsta ákvörðun á eigin forsendum og kjósa eftir sinni sannfæringu. Við hvaða bókstaf við setjum krossinn er okkar val, en þannig nýtum við lýðræðislegan rétt okkar í samfélaginu til fulls.

Áframhaldandi stöðugleiki

Margt hefur áunnist á undanförnum árum eins og dæmin sanna. Afkoma ríkissjóðs hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum sem leitt hefur til þess að mögulegt var að stöðva skuldasöfnun ríkisins og gefur nú færi á að



Kristín Thoroddsen, varabæjarfulltrúi og frambjóðandi á lista Sjálfstæðisflokksins.

lækka skatta til almennings samhliða niðurgreiðslu skulda. Kaupmáttur landsmanna hefur aukist og velferð fólks batnað og lengi má telja.

Það sem skiptir öllu máli er framtíðin. Að henni þarf að hlúa hvort sem um er að ræða barnafjölskyldur, einstaklinga eða aldraða. Öll höfum við það að markmiði að lifa mannsæmandi lífi þar sem við getum tryggt þak yfir höfuðið, menntað börnin okkar, náð endum saman og notið efri áranna áhyggjulaus. Stöðugleiki er lykillinn að framtíðinni og með því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn leggur þú grunn að góðri framtíð.

Einstaklingar og fyrirtæki þurfa svigrúm til að skapa og auka verðmæti eins og hefur meðal annars sýnt sig í ferðabjónustunni. Fjöldi fyrirtækja í einkarekstri hefur orðið til vegna fjölgunar ferðamanna, svo dæmi sé tekið, sem síðan hefur skapað gríðarlegan fjölda starfa og skilað miklum tekjum til þjóðarbúsins. Öflugt atvinnulíf er þannig hornsteinn áframhaldandi stöðugleika þar sem trúin á frelsið og einkaframtakið er höfð að leiðarljósi.

Kæri kjósandi, þitt er og verður alltaf valið. Við getum gert enn betur, og það sem meira er, við eigum að gera kröfu um að hafa það betra á morgun en í dag. Við erum á réttri leið, Sjálfstæðisflokkurinn býður upp á stöðugleika sem mun gagnast okkur til framtíðar. Með þá vitneskju ferð þú áhyggjulaus inn í kjörklefann á laugardag.

Samgöngur



Ó. Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi og formaður skipulags- og byggingarráðs.

Daglega hafa samgöngur áhrif á flest okkar, við það eitt að komast frá A til B lendum við oft í löngum bílalestum, förum í langt og tímafrekt ferðalag í strætó, hjólum um stíga sem mættu vera fleiri og betur viðhaldið og svona mætti lengi telja.

Aukið fjármagn í vegaframkvæmdir

Fjögurra ára samgönguáætlun var samþykkt á lokadögum þingsins, í henni er framkvæmdum mislægra gatnamóta Krýsuvíkurvegur og Reykjanesbrautar flýtt um eitt ár

og munu framkvæmdir hefjast á næsta ári. Kostnaður Hafnarfjarðarbæjar vegna þessa er talsverður auk þess sem gert er ráð fyrir að um 100 mkr. verði settar í tengingu Krýsuvíkurvegur við efsta hringtorg Ásbrautar sem verður mikil samgöngubót fyrir efri hluta Valla að viðbættum mislægu gatnamótunum. Hönnun Ásvallabrautar og hluta Kaldárselsvegur er að ljúka og mun verða kynnt íbúum á næstu vikum. Með bættri fjárhagsstöðu bæjarins er aukið fjármagn til nýframkvæmda og viðhalds gatna og stíga.

Borgarlínan

Ein megin forsenda Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins sem gerir ráð fyrir þéttingu byggðar og aukinni notkun á almennings-samgöngum er Borgarlínan sem er hugsuð sem hraðvagna eða lesta kerfi á milli helstu þéttbýliskjarna höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið með Borgarlínunni er að auka vægi almenningssamgangna úr 4% í 12% fyrir árið 2040. Áætlað er að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi um 70.000 á tímabilinu og því mikilvægt að efla hlut almenningssamgangna. Áætlanir gera ráð fyrir að í byrjun næsta árs verði búið að taka flestar ákvarðanir varðandi Borgarlínuna og sveitarfélögin fari í að breyta skipulagi þar sem leið hennar verður sett inn. Ég hvet alla til að fylgjast með umræðunni og kynna sér svæðisskipulagið en það má m.a. finna á heimasíðu Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, ssh.is.

Alþingiskosningar fara fram laugardaginn 29. október 2016

Í Hafnarfirði verður kosið í Viðistadaskóla og Lækjarskóla milli kl. 9:00 og 22:00.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í Perlunni í Öskjuhlíð í Reykjavík alla daga milli kl. 10:00 og 22:00. Á kjördag verður opið milli kl. 10:00 og 17:00 fyrir kjósendur sem eru á kjörskrá utan höfuðborgarsvæðisins.

■ Námsstyrkjakerfi

Við ætlum að taka upp námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd, 65.000 króna styrk á mánuði og lán upp að fullri framfærslu.



Við viljum vinna fyrir þig



Bjarni Benediktsson
Formaður Sjálfstæðisflokksins
Garðabæ



Bryndís Haraldsdóttir
Formaður bæjarráðs
Mosfellsbæ



Jón Gunnarsson
Alþingismaður
Kópavogi



Óli Björn Káason
Ritsjóri
Seltjarnarnesi



Vilhjálmur Bjarnason
Alþingismaður
Garðabæ



Karen E. Halldórsdóttir
Bæjarfulltrúi og varaþingmaður
Kópavogi



Vilhjálmur Bjarnason
Formaður
hagsmunasamtaka heimilanna
Mosfellsbæ



Kristín Thoroddsen
Flugfreyja og ferðamálafræðingur
Hafnarfirði



Katrín Ósk Ásgeirsdóttir
Háskólanemi
Hafnarfirði



Tinna D. Guðlaugsdóttir
Laganemi og framkvæmdarstjóri
Kópavogi



Hrefna Kristmannsdóttir
Jarðeignafræðingur og prófessor
emeritus
Seltjarnarnesi



Davíð Þór Viðarsson
Viðskiptafræðingur og
knattspyrnumaður
Hafnarfirði



Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Kennari
Mosfellsbæ



Unnur Lára Bryde
Flugfreyja og bæjarfulltrúi
Hafnarfirði



Guðmundur Gísl Geirdal
Sjónaður
Kópavogi



Þorgerður A. Arnardóttir
Aðstoðarskólastjóri
Garðabæ



Bergur Þ. Benjamínsson
Viðskiptafræðingur
Hafnarfirði



Marianna H. Helgadóttir
Formaður Félags Íslenskra
náttúrufræðinga
Kjós



Hilmar Jökull Stefánsson
Menntaskólanemi
Kópavogi



Þórhildur Gunnarsdóttir
Verkfæðinemi og
handknattleikskona
Garðabæ



Kristján Jónas Svavarsson
Stálvirkjasmíðameistari
Hafnarfirði



Sveinn Óskar Sigurðsson
Framkvæmdastjóri
Mosfellsbæ



Gyða R. Stefánsdóttir
Lögfræðingur
Seltjarnarnesi



Ásgeir Einarsson
Stjórnmalfræðingur
Hafnarfirði



Erling Ásgeirsson
F.v. formaður bæjarráðs
Garðabæ



Erna Nielsen
F.v. forseti bæjarstjórnar
Kópavogi

Á réttri leið